

HK
Knattspyrna
Ársreikningur
2023



Handknattleiksfélag Kópavogs
Vallakór 12-14
203 Kópavogi
kt. 630981-0269

HK
Knattspyrna
Ársreikningur
2023



Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar knattspyrnudeildar í Handknattleiksfélagi Kópavogs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Knattspyrnudeildar HK fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Handknattleiksfélags Kópavogs í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Handknattleiksfélags Kópavogs ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enqa aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalfafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðferðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 20. febrúar 2024

Deloitte ehf.

Heiðar Þór Karlsson
endurskoðandi

Ársreikningur knattspyrnudeildar Handknattleiksfélag Kópavogs fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Knattspyrnudeildar HK fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagsamtakanna er standa fyrir iðkun íþrótta á meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.

Starfsemin á árinu	2023	2022
Rekstrartekjur félagsins námu.....	242.276.042	203.262.539
(Tap) hagnaður félagsins nam.....	(26.729.413)	(16.574.988)
	31.12.2023	31.12.2022
Eignir félagsins námu.....	102.037.670	107.303.549
Bókfært eigið fé nam.....	14.790.803	42.020.216
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	14,5%	39,2%

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að tap ársins verði yfirfært til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Knattspyrnudeildar HK koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar HK staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Kópavogur, 20. febrúar 2024

Í stjórn

Brynjar Þór Kristófersson

Hjörtur Þór Steindórsson

Kristján Jakobsson

Þorsteinn Yngvason

Framkvæmdastjóri

Sandra Sigurðardóttir

Ársreikningur Knattspyrnudeildar Handknattleiksfélags Kópavogs fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Styrkir		74.089.814	62.594.575
Tekjur af mótum		46.783.816	17.640.554
Æfingagjöld		106.151.715	99.368.366
Sala og leiga leikmanna		1.675.800	1.050.000
Aðrar tekjur		13.574.897	22.609.044
		242.276.042	203.262.539
Rekstrargjöld			
Laun, verktakagreiðslur og annar starfsmannakostnaður	4	(218.682.234)	(177.715.824)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(4.818.688)	(5.872.413)
Búningar og ýmis aðbúnaður		(5.404.970)	(4.533.237)
Mótakostnaður		(13.742.730)	(13.007.519)
Umboðslaun		(1.230.754)	(1.294.578)
Annar rekstrarkostnaður		(24.121.339)	(15.515.227)
Afskriftir leikmanna		(1.337.580)	(895.269)
		(269.338.295)	(218.834.067)
Rekstrartap		(27.062.253)	(15.571.528)
Fjármunatekjur		2.671.882	1.685.813
Fjármagns- og þjónustugjöld		(1.682.104)	(1.473.299)
		989.778	212.514
Starfsemi flokka			
Inngreiðslur flokka		45.432.051	45.211.906
Ráðstafað til flokka		(46.088.989)	(46.427.880)
		(656.938)	(1.215.974)
Tap ársins		(26.729.413)	(16.574.988)

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Fastafjármunir			
Leikmenn	5	3.600.000	5.437.580
		3.600.000	5.437.580
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		43.160.149	20.289.019
Markaðsverðbréf		0	30.984.353
Handbært fé		55.277.521	50.592.597
Veltufjármunir		98.437.670	101.865.969
Eignir		102.037.670	107.303.549
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Sérstakur endurmatsreikningur	6	3.300.000	3.800.000
Óráðstafað eigið fé		11.490.803	38.220.216
Eigið fé		14.790.803	42.020.216
Viðskiptaskuldir		2.639.820	3.542.108
Skuldir við aðalstjórn		23.600.237	11.700.000
Fyrirframgreiddar tekjur		57.000.000	45.150.000
Aðrar skammtímaskuldir		4.006.810	4.891.225
Skammtímaskuldir		87.246.867	65.283.333
Skuldir		87.246.867	65.283.333
Eigið fé og skuldir		102.037.670	107.303.549

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap		(27.719.191)	(16.787.502)
Afskriftir		1.337.580	895.269
Sölutap		0	(950.000)
Veltufé til rekstrar án fjármunatekna og -gjalda		(26.381.611)	(16.842.233)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(22.727.130)	7.799.886
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		21.819.534	9.754.366
Handbært fé (til), frá rekstri án fjármunatekna og -gjalda		(27.289.207)	712.019
Innborgaðir vextir		2.671.882	1.685.813
Greiddir vextir		(1.682.104)	(1.473.299)
Handbært fé (til), frá rekstri		(26.299.429)	924.533
Fjárfestingahreyfingar			
(Keyptir)/seldir leikmenn		0	(950.000)
Keypt/seld markaðsverðbréf		30.984.353	(30.984.353)
		30.984.353	(31.934.353)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		4.684.924	(31.009.820)
Handbært fé í upphafi árs		50.592.597	81.602.417
Handbært fé í lok árs		55.277.521	50.592.597

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Handknattleiksfélag Kópavogs eru félagasamtök, sem standa fyrir iðkun íþróttá á meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.

Handknattleiksfélag Kópavogs er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Vallakór 12-14, 203 Kópavogi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun, verktakagreiðslur og annar starfsmannakostnaður

	2023	2022
Laun	15.975.275	9.345.471
Lífeyrissjóður	6.991.262	4.115.145
Önnur launatengd gjöld	4.057.157	2.654.568
	<u>27.023.694</u>	<u>16.115.184</u>
Verktakagreiðslur	<u>191.658.540</u>	<u>161.600.640</u>
Laun, verktakagreiðslur og annars starfsmannakostnaður samtals	<u><u>218.682.234</u></u>	<u><u>177.715.824</u></u>

5. Óefnislegar eignir

Leikmannasamningar greinast þannig:	Samtals
Kaupverð að frádregnum afskriftum 1.1.2023	1.337.580
Seldir leikmenn	0
Keyptir leikmenn	0
Afskriftir á árinu	(1.337.580)
Kaupverð að frádregnum afskriftum 31.12.2023	<u>0</u>
Endurmat 1.1.2023	4.100.000
Matsbreyting leikmanna á árinu	(500.000)
Endurmat 31.12.2023	<u>3.600.000</u>
Bókfært verð	
Staða 1.1.2023	<u>5.437.580</u>
Staða 31.12.2023	<u>3.600.000</u>

Skýringar

6. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Endurmat	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2022.....	3.900.000	54.795.204	58.695.204
Endurmat leikmanna.....	(100.000)		(100.000)
Tap ársins	0	(16.574.988)	(16.574.988)
Eigið fé 1.1.2023.....	3.800.000	38.220.216	42.020.216
Endurmat leikmanna	(500.000)	0	(500.000)
Tap ársins	0	(26.729.413)	(26.729.413)
Eigið fé 31.12.2023.....	3.300.000	11.490.803	14.790.803

7. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímamarki þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Skattamál

Íþróttafélög eru undanþegin tekjuskatti að því gefnu að þau verji hagnaði sínum einungis til almannaheilla og hafi það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum, sbr. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Óefnisleg eign

Eignir (Leikmenn) eru skráðir meðal óefnislegrar eigna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Óefnislegar eignir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru Óefnislegar eignir færðar á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrymum.

Verðmatshækkningar vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Skýringar

7. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.